

10. gr.

Einstaklingar og félög hesta- og fjáreigenda, sem hafa lönd í eigu bæjarins til grasnytja, skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann, m.a. með árlegri áburðargjöf. Um beitolönd í eigu bæjarins skulu gilda sérstakar reglur og skal garðyrkjustjóri kynna búfjáreigendum þær og sjá til þess að þeim sé fylgt.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála skv. 13. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum.

12. gr.

Samþykkt þessi er sett með heimild í lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl. ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um búfjárhald í Akraneskaupstað nr. 473/1984.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. nóvember 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólög Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um kærunefnd skv. lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

1. gr.

Kæra ákvörðunar.

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir sem eru beinir aðilar máls geta skotið ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um réttindi sín og skyldur til sérstakrar kærunefndar. Kæra getur lotið að málsmeðferð eða efni hinnar kærðu ákvörðunar.

Úrskurðir kærunefndar eru endanlegir á stjórnarsýslustigi og verður ekki skotið til viðskiptaráðherra.

2. gr.

Kærunefnd.

Kærunefnd Fjármálaeftirlitsins er skipuð af viðskiptaráðherra til þriggja ára í senn. Í kærunefnd sitja þrjú menn, og jafnmargir til vara. Þeir skulu allir tilnefndir af Hæstarétti. Formaður og varamaður hans skulu uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu á sviði fjármagnsmarkaðar. Nefndarmenn mega ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmenn eða tryggingastærðfræðingar eftirlitsskyldra aðila.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af málskotsgjaldi skv. 3. gr. Sé kostnaður hærri en sem nemur tekjum af gjaldinu greiðist mismunur úr ríkissjóði. Þóknun til nefndarmanna er ákveðin af viðskiptaráðherra.

3. gr.

Kærufrestur og málskotsgjald.

Skrifleg kæra skal berast nefndinni innan fjögurra vikna frá því að aðila máls skv. 1. gr. varð kunnugt um ákvörðunina. Kæru sem berst eftir lok kærufrests skal að öllu jöfnu vísa frá nefndinni.

Kærandi skal greiða 120.000 kr. málskotsgjald um leið og kært er, skv. 5. gr. laga nr. 87/1998. Kærunefnd er heimilt að endurgreiða gjaldið að öllu leyti eða að hluta. Við þá ákvörðun skal m.a. haft til hliðsjónar hvort úrskurður hefur fallið málskotsaðila í vil að hluta eða öllu leyti.

4. gr.

Réttaráhrif kæru.

Kæra til kærunefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins. Kærunefnd er þó heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þegar sérstakar ástæður mæla með því í samræmi við stjórnslulög.

Málskot til dómstóla hindrar ekki að kærunefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar og úrskurðar.

5. gr.

Störf og valdsvið kærunefndar.

Formaður boðar fundi eftir þörfum. Fundir kærunefndar eru því aðeins lögmatir að nefndin sé fullskipuð.

Kærunefndin skal ákveða tímafresti sem tryggja hraða málsmeðferð kærumála. Nefndin skal setja sér starfsreglur, sem viðskiptaráðherra staðfestir.

Fjármálaeftirlitinu og viðkomandi eftirlitsskyldum aðila er skylt að afhenda nefndinni þau gögn sem hún óskar eftir vegna máls sem er til úrskurðar hjá nefndinni. Hafi aðili máls ekki lagt fram gögn innan tilskilinna tímafresta má taka ákvörðun þó það sé til tjóns fyrir aðila.

Heimilt er að gefa aðilum máls og Fjármálaeftirlitinu kost á að koma gögnum og sjónarmiðum á framfæri við nefndina áður en mál er tekið til úrskurðar innan þess frests sem nefndin setur hverju sinni.

6. gr.

Úrskurðir kærunefndar.

Nefndin úrskurðar sjálf um hvort mál heyrir undir nefndina og hvort málskotsaðili hafi rétt til málskots. Hún úrskurðar á grundvelli gagna sem fyrir hana eru lögð eða hún aflar sér.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera rökstuddir og skulu liggja fyrir innan sex vikna frá því að kæra berst henni.

Senda skal málskotsaðila, viðkomandi eftirlitsskyldum aðila og Fjármálaeftirlitinu úrskurð innan fjögurra virkra daga frá því að hann var upp kveðinn.

Meirihluti nefndarinnar ræður niðurstöðu úrskurðar.

Um meðferð mála hjá kærunefnd og störf hennar fer að öðru leyti eftir stjórnslulögum.

Úrskurðir nefndarinnar skulu teknir saman eftir þörfum og gefnir út í aðgengilegu formi.

7. gr.

Frávísun.

Nefndin vísar máli frá sé það svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal taka til meðferðar að nýju samkvæmt málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð. Ekki skal innheimta málskotsgjald að nýju þegar svo stendur á.

8. gr.

Endurupptaka máls.

Nefndin getur ákveðið að mál sem úrskurðað hefur verið af henni skuli tekið fyrir að nýju á grundvelli nýrra upplýsinga, sem málskotsaðila var ekki unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og geta haft áhrif á niðurstöðu þess. Um endurupptöku máls fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. mgr. 17. gr., sbr. 18. gr., laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og öðlast hún þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 9. nóvember 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þorgeir Örlygsson.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Húnaþing vestra.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 6 frá 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., sbr. breytingu með lögum nr. 108/1988, hefur sveitarstjórn yfirstjórn allra fjallskilamála, en fjallskilastjórnir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim, hver á sínu svæði.

2. gr.

Fjallskiladeildir í Húnaþingi vestra eru:

1. Fjallskiladeild Víðdælinga.
2. Fjallskiladeild Vesturhóps.
3. Fjallskiladeild Vatnsnesinga.
4. Fjallskiladeild Miðfirðinga.
5. Fjallskiladeild Hrútfirðinga.

Umdæmi fjallskiladeilda skulu haldast óbreytt frá því sem gildi fyrir sameiningu sveitarfélaganna og upprekstrarréttur skal standa óbreyttur miðað við eldri skipan nema um annað sé samið sbr. ákvæði 1. gr. laga nr. 25/1994.